

Stjórnarfundur Kolviðar
Haldinn 20. nóvember 2020
Þórunnartúni 6 og fjarfundur

Mætt: Brynjólfur Jónsson (BJ), Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson (JBUT), Jónatan Garðarsson (JG) og Reynir Kristinsson (RK). Ragnhildur Freysteinsdóttir (RF) ritaði fundargerð.

- 1. Fundargerð síðasta fundar.** Farið stuttlega yfir og samþykkt.
- 2. Fjárhagsáætlun 2021.** RK fór yfir helstu þætti áætlunar, s.s. megin gjaldaliði. Gert er ráð fyrir gróðursetning um 340.000 plantna í heildina, á sex mismunandi stöðum. Þar af eru 40.000 íbætur í eldri gróðursetningar. Búið er að tryggja 180 þúsund plöntur næsta vor, enn er verið að semja um fleiri. Gert er ráð fyrir að árið komi nokkurn veginn út á sléttu. Fyrirsjáanlega þarf að hækka verð á kolefnisbindingu 2022. RK mun senda áætlun til stjórnar. Viðræður hafa verið í gangi við bandarískt fyrirtæki, Grassy Creek Foundation, sem eitt og sér mun vera með um 50.000 plöntur á ári, ef samningur nást. Eru ekki inni í áætlun þar sem bréf frá þeim kom aðeins degi fyrir stjórnarfund.
- 3. Markaðsmál.** Í vinnslu er að útbúa möguleika á kaupum á gjafabréfi fyrir heimasíðu Kolviðar. Auglýsa möguleika um leið og hann er kominn á vefinn, á samlesnum auglýsingum RÚV. Rætt um þörf á auglýsingaátaki til að vekja athygli á Kolviði, með hliðsjón af sýnileika Votlendissjóðs.
- 4. Ræktunarlönd.**
 - a. Skálholt. Þinglýsing komin. Stefnt að því að fullgróðursetja í svæðið á 5 árum. Undirritaður samningur Skógræktarfélags Íslands og Kolviðar um umsjón með ræktun þar.
 - b. Reykholt er enn í vinnsluferli. Þarf að klárast fyrir næsta ár.
 - c. Nokkur svæði í athugun, s.s. Hlíð (næsta jörð við Úlfjótuvatn), Hafnarsandur, Odda á Rangárvöllum. BJ hefur samband við landeigendur í Hlíð, RK hefur samband við Halldór Reynisson varðandi kirkjujarðir.
- 5. Gróðursetningar sumarsins.** Tókst að koma öllum plöntum í jörðu.
- 6. Vottun Kolviðar.** RK sendi verkferla Kolviðar til yfirllesturs/umsagnar til Landbúnaðarháskóla Íslands og skógræktarstjóra. Takmörkuð viðbrögð frá Lbhí, skógræktarstjóri setur ekki út á ferlana, svo lengi sem ekki sé talað um „kolefnisjöfnun“. RK hefur samband við British Standard á Íslandi til að fylgja eftir vottunarmálum.
- 7. Önnur mál.**
 - a. Birkivalmöguleiki. Er kominn inn í körfu, þannig að þegar kemur að greiðslu er hægt að velja „eingöngu birki“.
 - b. Jólakveðja til samstarfsfyrirtækja.
 - c. Næsti stjórnarfundur áætlaður 22. janúar.

Fundi slitið kl. 13:10.

Fundargerð: RF